

## **Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar**

Árið 2021, þriðjudaginn 23. febrúar kl. 10:05 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1104. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Edda Þórsdóttir, Erla Bjarný Jónsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Vífill Björnsson og Olga Hrund Sverrisdóttir.

Fundarritari var Erla Bjarný Jónsdóttir.

### **Þetta gerðist:**

### **Nýjar/br. fasteignir**

- 1. Ásvallag./Ho./Hr.** (11.393.29) 194214 Mál nr. BN058826  
Steiney Skúladóttir, Hringbraut 74, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að gera opnun milli tveggja herbergja í íbúð 0201 í Hringbraut 74 sem er mhl. 10 á lóðinni Ásvallag./Ho./Hr.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 9. febrúar 2021 og umsögn burðarvirkishönnuðar árituð á uppdrátt.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.*
- 2. Ásvallagata 31** (11.622.03) 101261 Mál nr. BN058816  
451001-3290 Ásvallagata 31, húsfélag, Ásvallagötu 31, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að gera svalir á suðurhlíð 1. 2. og 3. hæðar og síkka glugga til að koma fyrir svalahurðum á íbúðarhúsi á lóð nr. 31 við Ásvallagötu.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 19. febrúar 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. febrúar 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2021.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
- 3. Bauganes 3A** (16.720.11) 106799 Mál nr. BN058856  
Silja Björg Halldórsdóttir, Bauganes 3A, 102  
Halla Ruth Halldórsdóttir, Bauganes 3A, 102  
Guðrún Ruth Viðarsdóttir, Bauganes 3A, 102  
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi efri hæðar, byggja kvist á norðurþekju íbúðarhúss, mhl.01, gera svalir ofan á þak geymslu, mhl.02, og stiga þaðan niður í garð á lóð nr. 3A við Bauganes.  
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm.  
Erindi fylgir yfirlýst samþykki eigenda lóðar nr. 5 við Bauganes dags. 14. febrúar 2021 og lóðar nr. 44A við Einarsnes dags. 14. febrúar 2021 ásamt yfirliti breytinga á uppdráttum samþykktum 2. febrúar 1972.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

4. **Brautarholt 26-28** (12.501.03) 103423 Mál nr. BN058760  
561208-0690 Karl Mikli ehf., Vesturási 48, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053595 þannig að í stað gistiheimilis verða 24 íbúðir í húsi á lóð nr. 26-28 við Brautarholt.  
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. mars 2017.  
Erindi fylgir greinargerð um brunamál frá Örug, verkfræðistofa dags. 28. desember 2020.  
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 19. febrúar 2021, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2021.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. febrúar 2021.*
5. **Efstasund 67** (14.101.12) 104995 Mál nr. BN058832  
Ragnar Björnsson, Efstasund 67, 104 Reykjavík  
Sylvía Svavarsdóttir, Efstasund 67, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að hækka og endurinnrétta rishæð, skipta lóð í tvo sérafnotafletti, framlóð tilheyri eign 0101 og baklóð eign 0001 og eru bílastæði aðskilin frá hverju öðru og er bílastæði 0001 flutt í suð-austur horn lóðar auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum skúr í norðvestur horni lóðar nr. 67 við Efstasund.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 4. febrúar 2021 og samþykki eigenda á Efstasund nr. 65, 68, 69 og Skipasund nr. 60 dags. 4. febrúar 2021.  
Hækkun rís: XX ferm., XX rúmm.  
Skúr stærð er : 24,4 ferm., 64,8 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda og til umsagnar skipulagsfulltrúa vegna færslu á bílastæði.*
6. **Faxafen 14** (14.662.01) 195611 Mál nr. BN058756  
590517-0460 Veganmatur ehf., Faxafeni 14, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057767 þannig að innra skipulagi er breytt í verslun og eldhúsi, léttir veggir eru færðir til, gerð er ný ræstiaðstaða og fataskiptaaðstaða í rými 0103 og 0104 á 1. hæð í verslunar- og iðnaðarhúsnæði á lóð nr. 14 við Faxafen.  
Erindi fylgir afrit af leigusamningi með ákvæði um leyfi leigutaka til breytinga dags. 31. janúar 2020 og yfirlit breytinga á uppdráttum dags. 9. júlí 2020.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.*
7. **Fáfnisnes 14** (16.751.08) 106906 Mál nr. BN058855  
Benedikt Stefánsson, Fáfnisnes 14, 102  
Björg Kjartansdóttir, Fáfnisnes 14, 102  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN049597, vegna lokaúttektar, sem eru þær að gluggar í sólskála breytast, í húsi á lóð nr. 14 við Fáfnisnes.  
Gjald kr. 12.100  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

8. **Fálkagata 18** (15.530.09) 106523 Mál nr. BN058030  
660116-0360 Berg 13 slf., Smiðjuvegi 11, 200 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta gluggum á 1. hæð, einnig er stigi milli kjallara og fyrstu hæðar fjarlægður og aðkomu að kjallara breytt þannig að inngangur verður frá norðurhlið hússins á lóð nr. 18 við Fálkagötu.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 27. júlí 2020 og yfirlit yfir breytingar.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. september 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 8. september 2020.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
9. **Grandagarður 15-37** (11.150.01) 100045 Mál nr. BN058868  
681020-0980 Granólabarinn ehf., Lindasmára 93, 201 Kópavogur  
Þorbjörg Alda Marinósdóttir, Hringbraut 98, 101 Reykjavík  
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki I, teg. d í húsi nr. 19 á lóð nr. 15-37 við Grandagarð.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
10. **Grensásvegur 1** (14.600.01) 105655 Mál nr. BN058797  
670614-1310 Fasteignafélagið G1 ehf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til þess að byggja 7 hæða fjölbýlishús, hús B, mhl.02, með tveimur stigahúsum með alls 76 íbúðum, einu stigahúsi með skrifstofum, atvinnurýmum á jarðhæð auk geymslu- og bílajakjallara á tveimur hæðum á lóð nr. 1 við Grensásveg.  
Stærðir með kjallara: 11.004,1 ferm. 38.712,4 rúmm.  
Erindi fylgir greinargerð arkitekta dags. 2. febrúar 2021 og minnisblað Mannvits um hljóðvist dags. 15. mars 2019.  
Gjald: 12.100 kr.  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
11. **Grensásvegur 11** (14.611.02) 105666 Mál nr. BN058830  
620305-1620 Sætrar ehf, Gerðhömrum 27, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi rýmis 0301, sem nær eingöngu til herbergjaskipans, í húsi á lóð nr. 11 við Grensásveg. Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
12. **Grettisgata 9A** (11.722.34) 101488 Mál nr. BN058867  
700485-0139 Minjavernd hf., Koparsléttu 11, 162  
Sótt er um leyfi til þess að reisa geymsluskúr, mhl.02, hækka kjallaragólf og gera nýja íbúð í kjallara íbúðarhúss á lóð nr. 9B við Grettisgötu.  
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm.  
Erindi fylgir hluti úr lóðarupprætti 1.172.2 dags. 4. desember 2018.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

13. **Grettisgata 9B** (11.722.38) 223960 Mál nr. BN058866  
700485-0139 Minjavernd hf., Koparsléttu 11, 162  
Sótt er um leyfi til þess að reisa geymsluskúr, mhl.02, hækka kjallaragólf og gera nýja íbúð í kjallara íbúðarhúss á lóð nr. 9B við Grettisgötu.  
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm.  
Erindi fylgir hluti úr lóðarupprætti 1.172.2 dags. 4. desember 2018.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
14. **Grundarland 18-24** (18.550.02) 108782 Mál nr. BN058854  
Áslaug Árnadóttir, Grundarland 24, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu við bílskúr, byggja ofan á núverandi steypa plötu milli bílskúrs og húss og breyta innra skipulagi húss nr. 24 á lóð nr. 18 til 24 við Grundarland.  
Stækkun vegna viðbyggingar: 30.8 ferm., 128.2 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
15. **Haukahlíð 1** (16.291.02) 221262 Mál nr. BN058865  
450107-0420 Hlíðarfótur ehf., Síðumúla 28, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054935 þannig að klæðningu til norðurs og suðurs er breytt úr sléttri í báraða á fjölbýlishúsinu Valshlíð 6-8 sem er mhl. 02 á lóð nr. 1 við Haukahlíð,  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.*
16. **Hraunbær 143** (43.412.01) 227325 Mál nr. BN058735  
581281-0139 Húsvirki ehf., Síðumúla 30, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að byggja þrjú fjölbýlishús með samtals 58 íbúðum, mhl.01, 4-5 hæða auk kjallara, með 31 íbúðum, mhl.02, 2ja hæða með 4 íbúðum og mhl.03, 3-4 hæða auk kjallara, með 23 íbúðum, auk sorpskýlis, mhl.04, á lóð nr. 143 við Hraunbæ.  
Stærðir:  
Mhl.01: 3.606.9 ferm., 11.298.3 rúmm.  
Mhl.02: 682.6 ferm., 2.246.4 rúmm.  
Mhl.03: 2.219.8 ferm., 6.926.6 rúmm.  
Mhl.04: 20.0 ferm., 55.2 rúmm.  
Erindi fylgir lóðaupprættur 4.341.2 dags. 9. maí 2019, hæðablað 4.341.2-B5 dags. 28. október 2020 og varmatapsútreikningar dags. 16. janúar 2020.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 19. febrúar 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2021.  
Gjald: 11.200 kr.  
*Frestað.*  
*Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2021.*

17. **Jöfursbás 7** (22.205.01) 228386 Mál nr. BN058863  
470920-2460 Jöfursbás 7 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja 3-5 hæða steinsteypt fjölbýlishús, einangrað að utan og klætt læstri málmklæðningu, með 29 íbúðum á bílakjallara sem er sameiginlegur með tveimur öðrum húsum á lóð nr. 7 við Jöfursbás.  
Stærð, mhl. 01, A-rými: 2.680,2 ferm., 8.723,2 rúmm.  
B-rými: 181,7 ferm., 569,8 rúmm.  
Samtals mhl. 01, 2.861,7 ferm.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
18. **Jöfursbás 7** (22.205.01) 228386 Mál nr. BN058864  
470920-2460 Jöfursbás 7 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja bílakjallara með 52 stæðum og tengir þrjú fjölbýlishús á lóð nr. 7 við Jöfurbás.  
Erindi fylgir brunahönnun frá Örug, verkfræðistofa dags. 10. febrúar 2021.  
Stærð, A-rými: 1.702,6 ferm., 5.802,3 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
19. **Karástígur 1** (11.823.08) 101905 Mál nr. BN058768  
Eiríkur Jónsson, Karástígur 1, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að stækka glugga og koma fyrir rennihurð út á svalir í íbúð 0202 á 2. hæð í sambýlishúsi á lóð nr. 1 við Karástíg.  
Erindi fylgir ódagsett samþykki meðeigenda og bréf hönnuðar dags. 16. janúar 2021.  
Gjald kr. 12.100  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
20. **Klapparás 9** (43.750.02) 111399 Mál nr. BN058821  
Hrafnkell Kárasen, Klapparás 9, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja sólskála á vesturhlið, stækka glugga á norðurhlið, auk áður gerðra framkvæmda sem eru þær að búið er að taka í notkun útgrafin rými og setja á þau glugga og hurðir, á húsi á lóð nr. 9 við Klapparás.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 19. febrúar 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2021.  
Stærð á sólstofu: 13,5 ferm., XX rúmm.  
Óútgröfnu rýmin er: XX ferm., XX rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*

21. **Kleppsvegur 150-152** (13.585.01) 104491 Mál nr. BN058838  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að rífa niður allar innréttingar í húsi á lóð nr. 150 við Kleppsveg.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 10. febrúar 2021 og Förgunaráætlun frá Verkís dags. 4. febrúar 2021.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
22. **Kuggavogur 2** (14.515.01) 225189 Mál nr. BN058761  
710817-0810 ÞG hús ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja fimm steinsteypt fjölbýlishús, einangruð og klædd að utan með 91 íbúð á sameiginlegum bílakjallara fyrir 85 bíla á lóð nr. 2 við Kuggavog.  
Erindi fylgir brunahönnun frá Mannvit dags. 25. janúar 2021, og hljóðvistaraskýrsla dags. 26. janúar 2021.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. febrúar 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2021.  
Stærð, A-rými: 12.453,5 ferm., 38.560,9 rúmm.  
B-rými: 862,7 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.*  
*Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.*  
*Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

23. **Laufásvegur 50** (11.855.03) 102193 Mál nr. BN058527

Hlynur Hreinsson, Laufásvegur 50, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að stækka anddyrisviðbyggingu, byggja einnar hæðar viðbyggingu garðmegin, hækka þak og breyta kvistum, gera þaksvalir á báðum viðbyggingum, endureinangra hús að innan og breyta innra skipulagi og einangra og klæða skúr að utan og færa innkeyrslu/bílastæði suður fyrir hús á lóð nr. 50 við Laufásveg.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. ágúst 2020, bréf hönnuðar dags. 24. nóvember 2020, samþykki næstu nágranna áritað á skissur, umsögn Minjastofnunar dags. 3. nóvember 2020 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 7. desember 2020.

Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. desember 2020, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. desember 2020 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. desember 2020.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 19. febrúar 2021 fylgir erindi og bréf skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2021. Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Bergstaðastræti 49, 51 og 53-55, Laufásvegi 48, 48A, 52 og 54, Fjólugötu 19A og 19B og Njarðargötu 7 og 9 frá 19. janúar 2021 til og með 16. febrúar 2021. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lagður fram tölvupóstur Flosa Kristjánssonar f.h. húseigenda að Laufásvegi 48 dags. 21. janúar 2020 þar sem ekki er gerð athugasemd við erindið.

Stækkun: 80 ferm., 241,8 rúmm.

Samtals á lóð eftir stækkun: 250,5 ferm., 750,7 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*

*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.*

*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

24. **Laugavegur 178** (12.511.02) 103436 Mál nr. BN058851

500295-3339 Dyrhólmi hf, Hjallalandi 8, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja bílageymslu neðanjarðar á lóðinni Laugavegur 178. Bílastæði í geymslu 34 og á lóð 115, samtals 149 bílastæði, á lóð nr. 179 við Laugarveg. Stærðir. 794,2 ferm; 2.382,6 rúmm.

Erindi fylgir samkomulag eigenda dags. 27. júní 2008, eldri umsókn um byggingaleyfi sem samþykkt var þann 7. október 2008 og samþykkt eignarskipayfirlýsing frá desember 2008 með bílakjallara og álagningarseðlar fasteignagjald síðustu 11 árin.

Gjald kr. 12.100

*Frestað.*

*Vísað til athugasemda.*

*Erindi verður sent til umsagnar skipulagsfulltrúa þegar samþykki meðeigenda berst.*

25. **Lautarvegur 20** (17.945.02) 213572 Mál nr. BN058610  
Sólveig Berg Emilsdóttir, Hörgshlíð 18, 105 Reykjavík  
Guðmundur Árnason, Hörgshlíð 18, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tveggja hæða tvíbýlishús með kjallara og bílskúr, einangrað og klætt að utan á lóð nr. 20 við Lautarveg.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. janúar 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 18. janúar 2021.  
Stærð, mhl. 01, A-rými: 307,1 ferm., 1.043 rúmm.,  
B-rými: 28,8 ferm., 117,8 rúmm.  
Mhl. 02, A-rými: 34,4 ferm., 112,5 rúmm.  
Samtals: 370,3 ferm., 1.273,3 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
26. **Lautarvegur 22** (17.945.03) 213573 Mál nr. BN058609  
Sólveig Berg Emilsdóttir, Hörgshlíð 18, 105 Reykjavík  
Guðmundur Árnason, Hörgshlíð 18, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tveggja hæða tvíbýlishús með kjallara og bílskúr, einangrað og klætt að utan á lóð nr. 20 við Lautarveg.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. janúar 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 18. janúar 2021.  
Stærð, mhl. 01, A-rými: 307,1 ferm., 1.043 rúmm.,  
B-rými: 28,8 ferm., 117,8 rúmm.  
Mhl. 02, A-rými: 34,4 ferm., 112,5 rúmm.  
Samtals: 370,3 ferm., 1.273,3 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
27. **Lautarvegur 26** (17.945.05) 213575 Mál nr. BN058611  
Sólveig Berg Emilsdóttir, Hörgshlíð 18, 105 Reykjavík  
Guðmundur Árnason, Hörgshlíð 18, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tveggja hæða tvíbýlishús með kjallara og bílskúr, einangrað og klætt að utan á lóð nr. 26 við Lautarveg.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. janúar 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 18. janúar 2021.  
Stærð, mhl. 01, A-rými: 307,1 ferm., 1.043 rúmm.,  
B-rými: 28,8 ferm., 117,8 rúmm.  
Mhl. 02, A-rými: 34,4 ferm., 112,5 rúmm.  
Samtals: 370,3 ferm., 1.273,3 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

28. **Leifsgata 28** (11.953.03) 102617 Mál nr. BN058846  
Dóra Björt Guðjónsdóttir, Leifsgata 28, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta kvistum þannig að suður hluti þaks er hækkaður, tveimur kvistum bætt við norðurþekju og svalir stækkaðar auk þess sem sótt er um áður gerðar breytingar á íbúð 0401 á húsi á lóð nr. 28 við Leifsgötu.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 2 febrúar 2021.  
Stækkun hús er: XX ferm., XX rúmm  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
29. **Leirulækur 6** (13.444.01) 176939 Mál nr. BN058771  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um stöðuleyfi í 4 mánuði, fyrir tveimur samsettum gámaeiningum fyrir starfsfólk og nemendur, vegna viðgerða á leikskólanum Laugasól á lóð nr. 6 við Leirulæk.  
Stærðir:  
Kennaraeining: 36.2 ferm.,  
Leikskólaeining 108.0 ferm.  
Erindi fylgir lóðauppdráttur 1.344.4 dags. 23. apríl 2013.  
Gjald kr. 12.100  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
30. **Lofnarbrunnur 1-7** (50.554.01) 206120 Mál nr. BN058501  
540814-0230 Kjalarland ehf., Ármúla 3, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057299 þannig að þremur stæðum í opnu bílskýli er breytt í bílskúr og geymslu í íbúðarhúsi á lóð nr. 1-7 við Lofnarbrunn.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Stækkun A-rýma: 52,1 ferm., 164,1 rúmm.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.*  
*Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
31. **Lynghál 2** (04.326.401) 111049 Mál nr. BN054011  
590517-1270 Jökulberg ehf., Borgarbraut 74, 310 Borgarnes  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 1. hæðar sem felst í því að fjölga rekstareiningum á 1. hæð og gera aðstöðu fyrir starfsmenn, ásamt því að setja nýjar aksturshurðir á suðurhlíð í húsi á lóð nr. 2 við Lynghál.  
Gjald kr. 11.000  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*

32. **Lækjargata 5 Menntaskólinn** (11.800.01) 101665 Mál nr. BN057858  
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að setja upp til bráðabirgða reiðhjólaskýli á lóð Menntaskólans í Reykjavík, nr. 5 við Lækjargötu og nr. 2B við Amtmannsstíg.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. janúar 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. janúar 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 18. janúar 2021.  
Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
33. **Lækjartorg 1** (11.403.09) 100842 Mál nr. BN058841  
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að taka stiga á milli inngangs og 1. hæðar og koma fyrir nýrri og viðurkenndri pallalyftu fyrir hreyfihamlaða í anddyri Héraðsdóms Reykjavíkur, sem snýr að Austurstræti, á lóð nr.1 við Lækjartorg.  
Bréf hönnuðar dags. 15. febrúar 2021 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 11. febrúar 2021.  
Gjald kr. 12.100  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
34. **Njálsgata 64** (11.903.13) 102446 Mál nr. BN058862  
440518-0790 Árogin ehf., Suðurmýri 18, 170 Seltjarnarnes  
Sótt er um leyfi til að fjarlægja lyftu, innrétta tvær íbúðir í verslunarrýmum á jarðhæð, gera glugga að porti, koma fyrir fellistiga frá herbergi á 3. hæð og byggja svalir á rishæð húss á lóð nr. 64 við Njálsgötu.  
Stækkun: 3,3 ferm., 6,4 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
35. **Rauðagerði 6-8** (18.202.01) 108289 Mál nr. BN058858  
Linda Rut Benediktsdóttir, Álfaskeið 31, 220 Hafnarfjörður  
Sótt er um leyfi til að fjölga íbúðum úr þremur í fjórar og gera nýja íbúð í kjallara, rými 0002, í húsi nr. 6 á lóð nr. 6 - 8 við Rauðagerði.  
Erindi fylgir samþykki eiganda á teikningum og í bréfi dags. 11. febrúar 2021.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
36. **Safamýri 73** (12.842.05) 103722 Mál nr. BN058857  
Katrín Ingadóttir, Safamýri 73, 108 Reykjavík  
Friðrik Ragnarsson Hansen, Safamýri 73, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að skrá áður gerða íbúð í kjallara/jarðhæð, og jafnframt að setja svaladyr á vesturhlið, lækka lóð að hluta við suðurhlið þannig að botnplatan sé fyrir ofan jarðvegshæð fjöleignahúss á lóð nr. 73 við Safamýri.  
Erindi fylgir reyndarteikningar af 1. og 2. hæð og samþykki nágranna dags. 18. febrúar 2021, teikning 05-02 í A3.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

37. **Skógarhlíð 12** (17.036.01) 107069 Mál nr. BN058783  
681290-2309 Byggingarfélag Gylf/Gunnars hf, Borgartúni 31, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057987 vegna lokaúttektar sem felst í breytingum á innra skipulagi í eldhúsi sem breytt hefur verið í framleiðslueldhús, einnig hefur verið komið fyrir utánálggjandi loftræstiröri frá eldhúsi og upp fyrir efstu brún þaks við norðurgafli skrifstofu- og verslunarhúss á lóð nr. 12 við Skógarhlíð.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afriti af innlögðum teikningum.  
Gjald kr. 12.100  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
38. **Skrauthólar 4** (32.551.102) 223455 Mál nr. BN058818  
620210-0800 H-O-H sf., Bergstaðastræti 9, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta að staðsetningu rotþróar á lóð nr. 4 við Skrauthóla.  
Gjald kr. 12.100  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
39. **Stararimi 59** (25.230.01) 109303 Mál nr. BN058779  
Jón Dal Kristbjörnsson, Stararimi 59, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi að breyta B rými í A rými og stækka sem því nemur húsið á lóð nr. 59 við Stararima.  
Stækkun A rýmis er : XX ferm., XX rúmm.  
Gjald kr.12.100  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
40. **Tryggvagata 11** (11.174.01) 100089 Mál nr. BN058861  
631014-0970 Unnarstígur ehf., Pósthólf 70, 121 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að endurnýja og breyta gluggum og hurðum á jarðhæð húss á lóð nr. 11 við Tryggvagötu.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
41. **Tryggvagata 19** (11.183.01) 100095 Mál nr. BN058680  
661018-1510 Fjallakór ehf., Grensásvegi 3, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II, tegund E fyrir 220 gesti ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á básaskipan í Kolaportinu í húsi á lóð nr. 19 við Tryggvagötu.  
Jafnframt er erindi BN058282 dregið til baka.  
Erindi fylgir samþykki Ríkiseigna með skilyrðum, dags. 4. mars 2019, útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 29. janúar 2021, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. janúar 2021 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2021.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.*

42. **Urðarbrunnur 31** (50.534.01) 205767 Mál nr. BN058708  
450997-2779 Bygg Ben ehf., Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja fjögurra íbúða, tveggja hæða fjölbýlishús, einangrað og klætt að utan á lóð nr. 31 við Urðarbrunn.  
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa Urðarbrunns 29 og 31 vegna mannvirkja á lóðamörkum.  
Stærð, A-rými: 496,2 ferm., 1.489,4 rúmm.  
B-rými: 17,3 ferm., 48,4 rúmm.  
Samtals: 513,5 ferm., 1.537,8 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.  
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
43. **Varmadalur 4** (00.080.003) 202099 Mál nr. BN058831  
Egill Sveinbjörn Egilsson, Varmadalur 1, 162  
Sótt er um stöðuleyfi/geymsluleyfi fyrir gestahús/vinnustofu á landi Varmadals 4, landnúmer L202099, austan við Varmadal 2.  
Erindi fylgir samþykki eiganda lands vegna stöðuleyfis/geymslustæði. dags. 9 febrúar 2021 og bréf umsækjanda dags. 15. febrúar 2021.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísad til athugasemda.
44. **Varmahlíð 1** (17.625.01) 107476 Mál nr. BN058712  
590416-0290 Eignarhaldsfélagið Perla N ehf., Pósthólf 8147, 128 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að gera "Zip-línu" frá Perlunni og niður í Öskjuhlíð.  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
45. **Vesturberg 195** (46.608.07) 112031 Mál nr. BN058743  
540169-3229 Fylkir ehf., Grensásvegi 50, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN036642, þannig að virkisrými íbúða verða hluti af íbúðum og innra skipulagi er breytt í raðhúsi á lóð nr. 195 við Vesturberg.  
Stækkun: 88,0 ferm., 155,7 rúmm.  
Erindi fylgir umboð eiganda rýmis 0102 dags. 11. febrúar 2021, og yfirlit breytinga á afriti af uppdráttum samþykktum 30. júlí 2019.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísad til athugasemda.

46. **Víðimelur 29**

(15.411.01) 106322

Mál nr. BN058853

Friðbert Friðbertsson, Nýhöfn 7, 210 Garðabær

Sótt er um leyfi til að breyta form/útliti kvists á suð-vesturhlið húss lóðar nr. 29 við Víðimel.

Tilvísun í fyrra erindi: BN058043.

Brúttórúmmál var 2.356,7 en verður eftir breytingu 2.356,7, stækkun því 11,0 rúmm.

Gjald kr. 12.100

*Frestað.*

*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

## Ýmis mál

47. **Móavík** (00.054.000) 125732 Mál nr. BN058881  
Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans til að stofna nýja landareign úr landinu Móavík á Kjalarnesi í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt sem er dagsettur 22.02.2020. Landið Móavík (L125732) er talið 466986 m<sup>2</sup>.  
Teknir 112256 m<sup>2</sup> af landinu og lagðir til nýs lands Móavík vegsvæði (staðgr. 33.461.102, L231199).  
Landið Móavík (L125732) verður eftir þetta talið 354730 m<sup>2</sup>.  
Nýtt land Móavík vegsvæði (staðgr. 33.461.102, L231199).  
Lagðir 112256 m<sup>2</sup> til landsins frá landinu Móavík (L125732).  
Landið Móavík vegsvæði (staðgr. 33.461.102, L231199) verður 112256 m<sup>2</sup>.  
Sjá uppdrátt verkfræðistofunnar Ráðgjafar, Smábýli 15 - 20 Kjalarneshreppi, frá apríl 1986 og aðra hnitsetta uppdrætti, á landareignum sem liggja að Móavík, í eigu Landupplýsingardeildar.  
Sjá landamörk eins og þau eru sýnd í LUKR 22.02.2021.  
Sjá kaupsamninga Vegagerðarinnar við landeigendur Móavíkur vegna breikkunar á vegstæði Vesturlandsvegur, dags. 02.03.2020, 07.05.2020, 03.06.2020, 05.06.2020, 14.08.2020, 01.09.2020 og 02.09.2020.  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Uppdrátturinn öðlast gildi þegar honum hefur verið þinglýst.*
48. **Móavík vegstæði** Mál nr. BN058882  
Óskað er eftir samþykki byggingarfulltrúans til að stofna nýja landareign úr landinu Móavík á Kjalarnesi í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt sem er dagsettur 22.02.2020. Landið Móavík (L125732) er talið 466986 m<sup>2</sup>.  
Teknir 112256 m<sup>2</sup> af landinu og lagðir til nýs lands Móavík vegsvæði (staðgr. 33.461.102, L231199).  
Landið Móavík (L125732) verður eftir þetta talið 354730 m<sup>2</sup>.  
Nýtt land Móavík vegsvæði (staðgr. 33.461.102, L231199).  
Lagðir 112256 m<sup>2</sup> til landsins frá landinu Móavík (L125732).  
Landið Móavík vegsvæði (staðgr. 33.461.102, L231199) verður 112256 m<sup>2</sup>.  
Sjá uppdrátt verkfræðistofunnar Ráðgjafar, Smábýli 15 - 20 Kjalarneshreppi, frá apríl 1986 og aðra hnitsetta uppdrætti, á landareignum sem liggja að Móavík, í eigu Landupplýsingardeildar.  
Sjá landamörk eins og þau eru sýnd í LUKR 22.02.2021.  
Sjá kaupsamninga Vegagerðarinnar við landeigendur Móavíkur vegna breikkunar á vegstæði Vesturlandsvegur, dags. 02.03.2020, 07.05.2020, 03.06.2020, 05.06.2020, 14.08.2020, 01.09.2020 og 02.09.2020.  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Uppdrátturinn öðlast gildi þegar honum hefur verið þinglýst.*

## Fyrirspurnir

49. **Hofsvallagata 55** (15.430.02) 106398 Mál nr. BN058847

Edda Arnljótsdóttir, Hofsvallagata 55, 107 Reykjavík

Ingvar Eggert Sigurðsson, Hofsvallagata 55, 107 Reykjavík

Spurt er hvort leyfi fengist til þess að fjölga eignum með því að breyta íbúð 0201, sem er á tveimur hæðum, í tvær íbúðir í fjölbýlishúsi á lóð nr. 55 við Hofsvallagötu.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 19. febrúar 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2021.

*Jákvætt.*

*Sækja þarf um byggingarleyfi sbr. leiðbeiningar á umsagnarblaði.*

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 12:37.

Erla Bjarný Jónsdóttir

Nikulás Úlfar Mátsson

Edda Þórsdóttir

Vífill Björnsson

Olga Hrund Sverrisdóttir